

Efni:

Tillaga um breytta skipun í hverfisráð

Lagt er til að frá og með næsta kjörtímabili borgarstjórnar, sem hefst þann 15. júní 2018, verði skipað í hverfisráð Reykjavíkurborgar þannig að:

- 1) Tveir fulltrúar verði kosnir hlutfallskosningu af borgarstjórn. Kjörgengir verði borgarfulltrúar og fyrstu varaborgarfulltrúar.
- 2) Tveir fulltrúar verði kosnir beinni kosningu meðal íbúa viðkomandi hverfis. Kjörgengir verði allir íbúar hverfis sem kjörgengir eru til borgarstjórnar, sem ekki eiga sæti í borgarstjórn.
- 3) Einn verði slembivalinn úr hópi íbúa hverfisins sem kjörgengir eru sbr. lið 2).
- 4) Hverfisráð kjósi sér sjálft formann og varaformann á fundi sínum.

Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara er falið að útfæra sviðsmyndir um beinar kosningar og slembival sbr. lið 2) og 3). Taka skal þar tillit til tímasetningar kosninga sem og fyrirkomulags kosninga.

Greinargerð um sviðsmyndir verði lögð fyrir á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs eigi síðar en 31. janúar 2018.

Greinargerð

Fyrir stjórnkerfis- og lýðræðisráði liggur það verkefni að endurskoða fyrirkomulag hverfisráða með það fyrir augum að styrkja stöðu þeirra í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar. Úttektir, samráðsferli og vinnustofur hafa leitt í ljós að þó að sumt hafi heppnast vel með í núverandi fyrirkomulagi hverfisráða og að almennur vilji sé til að halda þeim áfram (enda er gert ráð fyrir þessari leið til að styrkja íbúalýðræði í sveitarstjórnarlögum), þá þyki þau ekki nægilega sýnileg og valdamikil.

Ein hugmynd sem fram hefur komið og fengið góðan hljómgrunn er sú að breyta því hvernig skipað er í hverfisráðin, þannig að þar sitji bæði borgarfulltrúar og íbúar sem hafa beint umboð úr viðkomandi hverfi. Þannig myndast bein tenging frá hverfisráði bæði inn í borgarstjórn og inn í hverfið.

Nú hefur borgarstjórn ákveðið út frá gildandi sveitarstjórnarlögum að borgarfulltrúar verði 23 á næsta kjörtímabili. Það gefur fullt tilefni til þess að gera þessa breytingu á skipun í hverfisráð, þar sem ljóst er að borgarfulltrúar munu vera nægilega margir til þess að manna þau með þessum hætti. Jafnframt er ljóst að fleiri borgarfulltrúar þurfa aukið húsnæði undir skrifstofur og úr því mætti ráða með því að gefa borgarfulltrúum skrifstofuaðstöðu eftir því hvar í borginni þeir sitja í hverfisráði. Slíkt myndi tengja þá enn betur í hverfin og jafnvel skapa hvata til þess að búseta borgarfulltrúa yrði vel dreifð um borgina.

Nokkrar leiðir eru færar til þess að kjósa íbúa hverfis beint í hverfisráð. Kortleggja þarf mismunandi sviðsmyndir og taka síðan afstöðu til þeirra.

Þar munar mestu um:

- Hvort kosið er samhliða borgarstjórnarkosningum eða á einhverjum öðrum tíma.
- Hvort fyrirkomulagið er hefðbundin almenn kosning, kosning á íbúafundi eða netkosning.

Reykjavík, [Dags.]